

Nr. 187

14. febrúar 2012

## AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi Saurbæjaráss, Fjallabyggð.

Bæjarráð fyrir hönd bæjarstjórnar Fjallabyggðar samþykkti þann 16. júní 2011 breytingu á deiliskipulagi Saurbæjaráss í Siglufirði, Fjallabyggð.

Breytingin nær til alls svæðisins þar sem mörk skipulagssvæðis eru endurskilgreind. Skilmálum bygginga var breytt með aukinni hámarksstærð og mænisstefnu einstaka húsa var snúið, aðkomu að frístundahúsum á svæði II var breytt, skilgreiningu tveggja lóða var breytt, reiðleið sem gert var ráð fyrir í gegnum frístundabyggðina var feldt út og rotþró við Ráeyrarveg var færð til suðurs.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*Fjallabyggð, 14. febrúar 2012.*

**Sigurður Valur Ásbjarnarson** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 28. febrúar 2012